



9. mars 2023
Tilv.: 2302071

Dreifibréf númer: 9/2023
til greiðslustofnana og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um tilnefningu miðlægs mótaðila í greiðsluþjónustu

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 3/2023 sem inniheldur drög að reglum um tilnefningu miðlægs mótaðila í greiðsluþjónustu. Reglurnar verða settar á grundvelli 3. mgr. 114. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021.

Með lögum um greiðsluþjónustu var tilskipun (ESB) 2015/2366 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (PSD2) innleidd. Með reglunum verður innleidd framseld reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2020/1423 um viðbætur við PSD2 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðmiðanirnar fyrir tilnefningu miðlægra tengiliða á sviði greiðsluþjónustu og um hlutverk þessara tengiliða.

Samkvæmt 33. gr. laga um greiðsluþjónustu skal greiðslustofnun sem starfar á Íslandi fyrir milligöngu umboðsaðila tilnefna miðlægan tengilið til fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu ber að hafa samband við miðlæga tengiliðinn til að fá upplýsingar til þess að sinna eftirliti samkvæmt lögnum. Tilgangur þess að tilnefna miðlægan tengilið er að tryggja að eftirlit með erlendri greiðslustofnun sem veitir greiðsluþjónustu hér á landi fyrir milligöngu umboðsaðila sé skilvirk og nái tilgangi sínum. Í reglugerð (ESB) 2020/1423 er fjallað um þau viðmið sem horfa skal til við setningu miðlægs tengiliðar og hlutverk hans.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 23. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Björk Sigurgísladóttir
frankvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Gísli Óttarsson
frankvæmdastjóri
varúðareftirlit

